

Þessi dróni er loftfar.
Loftferðalög eiga við.

Sem flugmaður dróna, berð þú ábyrgð á að fljúga drónanum þínum örugglega

Áður en þú flýgur verður þú að

- ✓ vera viss um að eigandi drónans sé skráður hjá sínu flugmálayfirvaldi
- ✓ vera viss um að skráningarnúmer eiganda sé sýnilegt á drónanum og hlaðið inn í fjarauðkenningarkerfið
- ✓ lesa og fylgja leiðbeiningum framleiðanda
- ✓ ljúka þjálfun og prófi á vef Samgöngustofu
- ✓ ljúka verklegri þjálfun, og ljúga prófi í kennslustofu hjá Samgöngustofu eða samþykktum skóla.



Athugaðu hvernig er hægt að skrá þig
og hvar þú mátt fljúga
www.easa.europa.eu/drones/NAA



GERÐU



Vertu viss um að þú sért nægilega tryggður



Athugaðu haftasvæði flugs og takmarkanir á svæðinu sem þú vilt fljúga á



Hafðu drónann alltaf í augsyn



Haltu drónanum í öruggri fjarlægð frá fólki, dýrum og öðrum loftförum



Haltu a.m.k. 30 m fjarlægð þegar flogið er nálægt fólki



Láttu Samgöngustofu strax vita ef dróninn þinn lendir í óhappi sem veldur alvarlegum eða lífshættulegum meiðslum á fólki, eða sem snertir mannað loftfar



Fljúgðu drónanum innan þeirra takmarka sem skilgreindar eru í leiðbeiningum framleiðanda

EKKI GERA



Ekki fljúga hærra en 120 m



Ekki fljúga nærri flugvélum og nálægt flugvöllum, eða þar sem björgunarstarf er í gangi



Ekki brjóta á rétti fólks á friðhelgi einkalífs



Ekki taka myndir eða myndbönd og birta án leyfis



Ekki nota drónann til að bera hættuleg efni eða til að sleppa vörum



Ekki breyta drónanum þínum. Aðeins er leyfilegt að hlaða inn hugbúnaði sem framleiðandi drónans mælir með

